

# Heimilisfræði

## Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- átti sig á mikilvægi þess að borða holla fæðu
- öðlist skilning á nauðsyn hreinlætis við matargerð og mikilvægi handþvottar
- kynnist einföldum áhöldum í eldhúsi
- læri að lesa myndrænar uppskriftir
- þjálfist í einfaldri matargerð
- kynnist mælieiningunum desílítri, matskeið og teskeið
- geri sér grein fyrir því að hnífar og önnur eggjárn geta verið hættuleg
- hjálpi til við frágang og hreingerningu í eldhús

## Námsefni

Heimilisfræði fyrir byrjendur

Myndbandið “Mjólk er góð”

## Kennsluform

Nemendur eru ekki í heimilisfræði að staðaldri en hún er kennd sem hluti af hringekju og hópavinnu.

## Námsmat

Í heimilisfræði er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- ástundun og vinnubrögð 60%
- verkefni og vinnubækur 40%

# Íslenska

## Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- læri heiti og hljóð allra bókstafanna
- læri stafrófið og átti sig á mun sérhljóða og samhljóða
- læri að tengja saman hljóð stafanna og mynda orð og setningar
- kynnist rími og hrynjanda
- verði færir um að lesa léttan texta
- fái tækifæri til að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögunum
- kynnist þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tala í einu
- fari í leiki sem gera kröfur um að hlustað sé á og farið eftir munnlegum fyrirmælum
- fari í leiki sem gera kröfur um munnlega tjáningu
- læri algenga íslenska barnasöngva og taki þátt í fjöldasöng
- hlusti á upplestur á stuttum og lengri sögum
- fái tækifæri til að lesa bækur sér til fróðleiks og skemmtunar miðað við lestrargetu og áhuga
- taki sérstakt lesskimunarpróf sem spáir fyrir um hvort þeir geti átt í lestrarerfiðleikum og fái viðeigandi lestrar- og málþjálfun í kjölfarið
- þjálfist í fínhreyfingum
- læri skrifaráttina og þjálfist í að draga til stafs
- semji texta við eigin myndir og annarra og skrifi sjálfir eða með aðstoð ásamt því að skrá sjálfir eða með aðstoð frásagnir um atburði úr eigin lífi

## Námsefni

Markviss málörvun

Það er leikur að læra, lesbók

Það er leikur að læra, vinnubók 1 og 2

Léttlestrarbækur og aðrar lesbækur við hæfi hvers og eins

Ótrúleg eru ævintýrin

Foræfingar og stafablöð

Sögugerðarbók

Valin ljóð og vísur

Skrift 1

## **Kennsluform**

Einstaklings- og hópkenndsla. Skrift verður í formi sýnikennslu og lögð sérstök áhersla á rétt vinnubrögð sem tilheyra stafadrætti. Stafainnlögn verður með fjölbreyttum hætti, þ.e. hugmyndafræði hljóðaaðferðinnar og LTG verður notuð. Þegar nemendur læra nýjan staf finna þeir orð með stafnum í og tengja þá við hluti sem þeir þekkja og í framhaldinu er búinn til orðalisti og jafnvel stafurinn leiraður. Nemendur fá lestrarbækur við hæfi hvers og eins.

## **Námsmat**

Stöðugt veður fylgst með vinnubrögðum og framförum nemenda í lestri, framburði og lesskilningi. Lögð eru fyrir lesskimunarpróf í desember, febrúar og apríl.

Í íslensku er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

Í skrift er gefin skóla- og prófseinkunn að vori.

Í lestri er gefin skóla- og prófseinkunn bæði að hausti og vori.

- grunnbók (Það er leikur að læra, skriftarblöð og -bók) 30%
- ástundun, vinnubrögð og framfarir 40%
- vinnubækur og verkefni (Sögubók o.fl.) 30%

### **lestur**

- skólalestur 50%
- heimalestur 50%

# Íþróttir

## Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- taki þátt í æfingum sem reyna á samspil skynfæra og þjálfun grunnhreyfinga
- fái útrás fyrir hreyfipörf
- auki líkamspól, hraða, viðbragð og kraft
- iðki íþróttir og leiki á skólalóð
- þjálfist í æfingum sem efla liðleika, líkamsreisn og líkamsstöðu
- taki þátt í skapandi hreyfingu og leikrænni tjáningu með eða án tónlistar
- upplifi íþróttir á jákvæðan hátt
- læri að fara eftir fyrirmælum, reglum og beri virðingu hver fyrir öðrum
- læri að umgangast áhöld og tæki á ábyrgan hátt
- læri helstu líkamsheiti
- læri helstu magn- og afstöðuhugtök eins og fleiri-færri, lengri-styttri, hægri-vinstri og undir-yfir
- læri skipulagsform eins og röð, lína, hringur og hópur
- tileinki sér gildandi umgengnisreglur í íþróttamannvirkjum

## Kennslugögn

Smærri áhöld eins og sippubönd, gjarðir, keilur, boltar, baunapokar o.fl.

Stærri áhöld eins og kubbar, kistur, kaðlar, dýnur o.fl.

## Kennsluform

Kennt verður tvisvar sinnum í viku, 40 mínútur í senn, með áherslu á leiki, stöðvaþjálfun og hringþjálfun. Einstaklings- og hópkennt.

## Námsmat

Annareinkunn byggir á símati þar sem fylgst er með ástundun, virkni og framkomu nemenda.

# Kristin-, sið- og trúarbragðafræði

## Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- öðlist skilning á því að engir tveir eru eins, t.d. með frásögnum af börnum með ólíkan bakgrunn
- fáist við siðræn viðfangsefni sem tengjast þeim sjálfum, vináttu og samskiptum og merkingu orðanna rétt og rangt, mitt og þitt og fyrirgefning
- kynnist frásögunum af fæðingu Jesú, læri einfalda jólasálma og kynnist boðskap hátíða eins og jólum og páskum

## Námsefni

Undrið

Sögur frá ólíkum löndum valdar af kennurum

## Kennsluform

Kennslan fer fram með sögum og umræðum. Nemendur vinna hópverkefni og einstaklingsverkefni í tengslum við námsefnið. Sagðar verða sögur frá ólíkum löndum og verkefni unnin í tengslum við þær, en þar er verið að kynna hin ýmsu lönd. Unnið verður ýmist í hópum eða á stöðvum.

## Námsmat

Gefin er skólaeinkunn að vori.

# Náttúru- og samfélagsfræði

## Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- skilji mikilvægi fjölskyldu, vina og skólafélaga og gildi þess að vera hluti af hópi
- skilji mikilvægi reglna í skólanum og í samskiptum fólks
- öðlist þekkingu á eigin líkama og tilfinningum og læri að beiti heitum og hugtökum yfir sjáanlega líkamshluta
- kynnist skólabyggingunni, skólalóðinni og nánasta umhverfi skólans undir leiðsögn kennara
- læri að haga sér rétt í umferðinni og sem gangandi vegfarandi
- þekki og vinni með hugtökin hiti, kuldi og frost og fræðist um áhrifs sólarljóss
- þekki árstíðirnar, heiti vikudaga og mánaða og muninum á degi, viku, mánuði, ári, áratug og öld
- læri að nota dagatal
- þekki algengustu húsdýrin á Íslandi
- ræði um veðurfar út frá eigin upplifunum og hugmyndum
- ræði um ólík birtingarform vatnsins í náttúrunni, s.s. jöklar, vötn, ár, lækir, rigning, snjócoma o.s.frv. og átti sig á fjölbreytni í nýtingu vatns
- læri að átta sig á ýmsum tilfinningum sem með þeim hrærast og þjálfist í að tala um líðan sína við aðra

## Námsefni

Komdu og skoðaðu líkamann

Komdu og skoðaðu umhverfið

Aðgát í umferðinni

Efni frá kennurum

Vinir Zippýs

Myndbönd og hljóðdiskar sem tengjast efninu

## Kennsluform

Hóp- og einstaklingskennsla, umræður og verkefnavinna. Tilraunir og vettvangsferðir.

## Námsmat

Í samfélags- og náttúrufræði er gefin skólaeinkunn að vori.

- hringekjuvinna 50%
- ástundun og vinnubrögð 25%
- verkefni 25%

# Stærðfræði

## Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- þjálfist í að skrifa tölustafi
- þjálfist í meðferð talna, allt upp að 100
- skoði tölur á talnalínunum
- læri að leggja saman og draga frá
- fari í leiki þar sem notuð eru hugtök sem tengjast staðsetningu
- vinni við pörun, flokkun og samanburði
- þjálfist í að skýra lausnarleiðir sínar fyrir öðrum með því að segja frá og nota táknmál stærðfræðinnar
- skrái upplýsingar um sjálfan sig þar sem háar tölur koma fyrir
- meti hvort fullyrðingar sem settar eru fram eru sannar
- vinni með talnaþulur, fingravísur og talnarunur s.s. 2-4-6..., 5-10-15..., 10-20-30...
- vinni með mynstur
- flokki rökkubba eða safn smáhluta eftir eiginleikum og rökstyðji flokkun sína
- kynnist myndrænum framsetningum t.d. súluritum og noti áþreifanlega hluti til að gera súlurit
- noti mismunandi hjálpagögn við lausnir verkefna, s.s talnagrindur, kubba, smáhluti og skýringarmyndir
- leysi viðfangsefni í samvinnu við skólafélaga sína og venjist því að ræða við þá um verkefni
- vinni með klukku og læri að lesa af henni
- leiki frjálst með vasareikni til að skoða hvernig hægt er að kalla fram tölur

## Námsefni

Kátt er í Kynjadal

Eining 1 og 2

Sproti 1, æfingabók og nemendahefti

Tíu tuttugu

Ljósrituð verkefnablöð

Stærðfræðiforrit

Hjálpargögn

## Kennsluform

Hóp og einstaklingskennsla. Innlögn á nýju viðfangsefni. Farið yfir munnlega og á töflu. Einnig verða unnar verklegar æfingar og tölvuforrit nýtt þar sem því verður við komið.

## **Námsmat**

Í stærðfræði er gefin skólaeinkunn í lok hvorrar annar og prófseinkunn að vori.

- grunnbók (Eining og Sproti) 30%
- ástundun, vinnubrögð og framfarir 40%
- vinnubækur og verkefni 30%

# Sund

## Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- þjálfist í grunnhreyfingum í vatni eins og að hlaupa, ganga, hoppa, stökkva, fljóta, busla, blása, kasta, grípa og snerta
- náí tókum á fjölbreyttum æfingum og leikjum sem reyna á samspil skynfæra
- þjálfist í æfingum og leikjum með ýmis áhöld
- taki þátt í ýmsum leikjum og æfingum sem efla líkamspól, kraft, hraða og viðbragð
- þjálfist í sköpun og frjálsum hreyfingum í vatni
- læri að fara eftir fyrirmælum, reglum og beri virðingu hver fyrir öðrum
- upplifi gleði og ánægju af því að hreyfa sig í vatni
- öðlist öryggistilfinningu í vatni
- tileinki sér heinlæti fyrir og eftir sund og bað- og umgengnisreglur
- læri helstu magn- og afstöðuhugtök eins og fleiri-færri, lengri-styttri, hægri-vinstri og undir og yfir
- læri og tileinki sér skipulagsform eins og röð, línu, hring og hóp
- læri að umgangast sundstað á öruggan hátt

## Kennslugögn

Kútar, sundflár, sundfit, dót til að kafa eftir, stórir hringir, boltar og fleira.

## Kennsluform

Kennt verður einu sinni í viku í 40 mínútur. Einstaklings- og hópakennsla. Bein kennsla, kennari sýnir, nemendur æfa, kennari leiðbeinir og nemendur endurtaka. Einnig verður lögð áhersla á leik.

## Námsmat

Annareinkunn er gefin í bókstöfum og byggir á símati þar sem fylgst er með ástundun, virkni og framkomu nemenda. Í lok skólaárs er svo gefið lokið eða ólokið fyrir sundstig.

### Námsþættir 1. sundstigs

- öndun, inn- og útöndun 10 sinnum
- flot á bringu eða baki með eða án hjálpartækja
- bringusundsfótatök við bakka, með eða án hjálpartækja
- skriðsundsfótatök við bakka, með eða án hjálpartækja
- ganga með andlit í kafi 2-2,5 m

# Textílmennt

## Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- læri að vinna eftir leiðbeiningum kennara
- þjálfist í að klippa
- þjálfist í að teikna/mála/lita í tengslum við textíilverkefni
- læri að þræða grófa nál og ganga frá enda
- saumi þræðispor
- þjálfist í auðveldum vefnaði
- læri að puttaprjóna
- læri um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, starfa og tilefna
- taki þátt í umræðum um, s.s. lit, lögun, glaðlegt, hlýlegt, fallett

## Námsefni

Efni, perlur, strigi, javi, javanálar, vefspjöld, garn og fleira.

## Kennsluform

Nemendur eru ekki í textílmennt að staðaldri en hún er kennd sem hluti af hringekju og hópavinnu.

## Námsmat

Í textílmennt er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- verkefni 40%
- ástundun og vinnubrögð 60%

# Tónmennt

## Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- syngi hreint
- að söngurinn verði nemendum jafn eðlilegur og sjálfsagður og talröddin
- læri að hlusta á eigin rödd
- þjálfist í frumbáttum tónlistarinnar
- læri söngheitin do, re, mí
- skynji hljóðheiminn
- læri að greina og þekkja hljóðfæri í sjón og eftir heyrn
- kynnist verkum íslenskra og erlendra tónskálda

## Námsefni

Byggt er á efni úr Tónmennt, 1. og 2. hefti, auk ítarefnis frá kennara.

## Kennsluform

Nemendur syngja saman. Tónsvið og tónheyrn þjálfuð með margvíslegum einföldum sönglögum. Áhersla lögð á einbeitingu og hreinan söng. Ýmsir hreyfileikir, hreyfing og tjáning út frá hlustun. Nemendur skynji hljóðheiminn og greini umhverfishljóð eftir hlustun, unnið með sterkt og veikt. Skólahljóðfæri kynnt og notuð.

## Námsmat

Umsögn í formi skólaeinkunnar að vori.